

Ágætu foreldrar.

Borist hafa fyrirspurnir frá foreldrum sem vegna sérstakra aðstæðna heima fyrir velta fyrir sér hvort þau geti fengið heimild til að halda börnum sínum heima á meðan á takmörkun skólastarfs stendur. Einkum er um að ræða heimili þar sem eru heimilisfastir einstaklingar með alvarlega undirliggjandi sjúkdóma. Við viljum sýna þessum aðstæðum skilning og munum leitast við að verða við rökstuddum beiðnum um að börn fái að vera heima. Við leggjum þá um leið þær skyldur á herðum forsjáraðilum að tryggja að börnin fái sem bestar aðstæður til að sinna námi sínu heima fyrir á meðan á fjarveru frá skóla stendur.

Ég bið viðkomandi foreldra að hafa samband við skólastjóra og verða nemendur skráðir sérstaklega frá skóla tímabundið.

Með kveðju,

Ruth